

Stjórnarfundur Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs

haldinn í Suðurgötu 3, föstudaginn 18. nóvember 2011 kl. 16.30

Mætt: Líf, Þorleifur, Þórarinn, Bjarkey, Steingrímur, Elín, Arnþór, Hlynur, Þorvaldur, Hildur, Arndís Soffía, Katrín, Sóley og Auður Lilja. Árni Steinar var í síma. Jafnframt sátu fundinn Þóra Geirlaug frá UVG, Þóra Elfa frá EVG og Álfheiður frá Þingflokki.

1. Landsfundur

- a. Afgreiddar ályktanir lagðar fram.
- b. Ályktanir sem vísað var til stjórnar. Frestað til næsta fundar.
- c. Afgangsmál frá landsfundi
 - i. Ferðastyrkir. Auður Lilja tekur saman þau erindi sem borist hafa fyrir næsta fund stjórnar.
 - ii. Skoðunarmenn reikninga. Samþykkt að leita til skoðunarmanna sem kjörnir voru á landsfundi 2009 og leggja fyrir flokksráðsfund í febrúar.

2. Farið yfir tilmæli til stjórnar frá landsfundi

- a. Stofnun starfshóps til að undirbúa málefnaþing um tilgang, eignarhald og lagalega umgjörð fjármálastarfsemi á Íslandi. Samþykkt að fela Þorvaldi og Arndísi Soffíu að undirbúa málið ásamt Hugin Frey og fulltrúa úr Þingflokki.
- b. Málsmeðferð landsfundar vegna skýrslu skipulagsnefndar Vinstri grænna tekin fyrir. Framkvæmdastýru falið að falið að senda skýrsluna til svæðisfélaga og óska eftir umsögnum hið fyrsta.
- c. Starfshópur um mótun stefnu í málefnum Íslands og Norðurslóða. Samþykkt að fela Árna Steinari og Sóleyju Björk að hefja starfið.
- d. Starfshópur um mótun landbúnaðarstefnu. Samþykkt að fela Þórarni, Katrínu og fulltrúa úr Þingflokki að hefja starfið.
- e. Starfshópur um mótun lýðræðisstefnu. Framkvæmdastýru falið að undirbúa málið.
- f. Notkun fjarfundarbúnaðar. Bjarkeyju falið að kanna möguleika á slíku.
- g. Fyrirkomulag funda. Mælt til þess að annar hver reglulegur flokksráðsfundur fari í málefnavinnu sem og að minnsta kosti hálfur dagur hvers landsfundar. Ákveðið að halda næsta fund með hefðbundnum hætti, enda verði málþing um fjármálastarfsemi á Íslandi haldið í tengslum við hann.
- h. Verkefni stjórnar í kjölfar lagabreytinga. Sóleyju falið að taka saman þau verkefni sem framundan eru fyrir næsta fund.
- i. Starfsáætlun. Auður Lilja kynnti drög að starfsáætlun.

3. Stjórn málaástandið – önnur mál

Fundi slitið kl. 18.30. Næsti fundur áætlaður 9. desember.